

Mál nr. 315/2018

**M og
váttryggingafélagið V v. farangurstryggingar greiðslukortatryggingar.**

Tösku stolið úr farangursrými í jarnbrautarlest í Svíþjóð hinn 25.7.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 16.10.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-3.

Bréf V, dags. 14.11.2018.

Tölvupóstur V, dags. 23.11. 2018 með lögregluskýrslu og tjónstilkynningu málsins.

Málsatvik.

M var á ferðalagi í Svíþjóð og tók sér far með jarnbrautarlest og setti ferðatösku sína í farangursgeymslu við enda jarnbrautarvagnsins þar sem hann komst ekki fyrir í farangursgeymslu yfir lestarsætum. Tösku M var stolið úr farangursgeymslunni og krefst M bóta úr farangurstrygging sinni hjá V. M segir að það geti ekki flokkast undir gáleysi eða eftirlitsleysi á almannafæri að setja stórar töskur í farangursgeymslu í jarnbrautarlest.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglum í gr. 5.1. í váttryggingaskilmálum þar sem segir að hinn váttryggði skuli gæta fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða og gr. 5.5.2. að váttryggður skuli ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri. V telur að M hafi brotið varúðarregluna og ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu töskunnar þrátt fyrir að í henni væru töluverð verðmæti. V telur að farangursrými í lest verði að teljast almannafæri.

Álit.

M skyldi tösku sína eftir í farangursrými jarnbrautalestar og átti ekki annars úrkosta en að koma henni fyrir þar að eigin sögn og því hefur ekki verið mótmælt af V. Ekki liggur fyrir og því er ekki haldið fram að M hafi fylgst með töskunni þegar lestin stoppaði til að hleypa farþegum úr og inn í lestina. M gætti því ekki fyllstu varúðar við vörslu farangurs síns. Á hitt ber að líta að M átti ekki annan kost en að koma töskunni fyrir í farangursrýminu og var ekki langt frá töskunni. Að þessu virtu þykir M eiga rétt á bótum úr farangurstryggingu sinni hjá V, en ber helming tjóns síns sjálfur fyrir að virða ekki varúðarreglu til fulls.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum en ber helming tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 29.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.